

Leiðbeiningar um notkun á pemetrexed

Inngangur

Pemetrexed er fólát andmetabólíti sem hemur þrjú mikilvæg ensímkerfi sem taka þátt í frumskiptingu; thýmidýlat sýnthasa (TS), dihyd rófólát redúktasa (DHFR) og glýcínamíð ríbónúkleótíð formýltransferasa (GARFT). Lyfið hefur verið rannsakað í fasa III rannsóknum og sýnt fram á árangur á meðferð við miðþekjuæxlum og kirtilmýndnadi lungnakrabbameinum sem ekki eru af smáfrumugerð (NSCLC/Adenocarcinoma).

Ábendingar

Miðþekjuæxli:

Pemetrexed ásamt platínulyfi er notað við illkynja óskurðtæku miðþekjuæxli (mesothelioma) sem ekki hefur verið meðhöndlað með krabbameinslyfjum.

Kirtilmýndandi lungnakrabbamein – fyrstu línu meðferð:

Pemetrexed samhliða platínulyfi er gefið sem fyrsta meðferðarúrræði til að meðhöndla sjúklinga með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð smáfrumugerð (Non-small cell lung cancer, NSCLC/adenocarcinoma), staðbundið og langt gengið eða með meinvörpum

Kirtilmýndandi lungnakrabbamein – annarar línu meðferð:

Pemetrexed er gefið eitt sér við óskurðtæku kirtilmýndandi lungnakrabbameini sem ekki er af smáfrumugerð smáfrumugerð (Non-small cell lung cancer, NSCLC/adenocarcinoma) eftir að ein eða fleiri krabbameinslyfjameðferðir hafa brugðist.

Skammtar og lyfjagjöf

Ráðlagður pemetrexed skammtur fyrir sjúklinga með illkynja miðþekjuæxli í brjósthimnu er 500 mg/m² líkamsyfirborðs gefið sem innrennsli í bláæð á 10 mínútum á þriggja vikna fresti.

Umsóknarferli

Sótt er um heimild til að nota lyfið til Lyfjanefndar LSH. Í umsókninni skal koma fram aldur sjúklings, sjúkdómar, PDL1 mæling ef við á, færnimat og sjúkdómsstaða, ásamt upplýsingum um fyrri meðferð. Uppfylli sjúklingur skilyrði þessara leiðbeininga er heimild veitt til sex mánaða. Þurfi sjúklingur á frekari meðferð að halda þarf að sækja um heimild að nýju þar sem árangursmat meðferðarinnar liggur fyrir. Ágreiningi varðandi afgreiðslu umsóknar skal vísað til framkvæmdastjóra lækninga Landspítalans, til endanlegs úrskurðar.

Höfundur og ábyrgðarmaður

Örvar Gunnarsson, læknir.

Leiðbeiningarnar voru samdar í maí 2018 og verða endurskoðaðar eigi síðar en að þremur árum liðnum, en fyrir ef ástæða þykir til.